

**632. fundur Sveitarstjórnar Tálknafjarðarhrepps haldinn Strandgötu 38,
fimmtudaginn 21. mars 2024
og hófst hann kl. 17:00.**

Fundinn sátu:

Jóhann Örn Hreiðarsson (JÖH), Jenný Lára Magnadóttir (JLM), Guðlaugur Jónsson (GJ), Lilja Magnúsdóttir (LM), Magnús Óskar Hálfðánsson (MÓH) og Ólafur Þór Ólafsson (ÓÞÓ).

Fundargerð ritaði: Ólafur Þór Ólafsson, sveitarstjóri

AUKAFUNDUR

Aðalfulltrúinn Jón Ingi Jónsson boðaði forföll og sat varafulltrúinn Magnús Óskar Hálfðánsson fundinn í hans stað.

Oddviti býður fundarfólk velkomið og athugar hvort athugasemdir séu við fundarboðun, svo var ekki og oddviti lýsir fund 632 lögmætan.

Dagskrá:

1. Reglur um heimastjórnarkosningar í Sameinuðu sveitarfélagi Tálknafjarðarhrepps og Vesturbyggðar - 2403022

Reglur um heimastjórnarkosningar í Sameinuðu sveitarfélagi Tálknafjarðarhrepps og Vesturbyggðar lagðar fram til staðfestingar.

Undirbúningsstjórn vegna sameiningar Tálknafjarðarhrepps og Vesturbyggðar staðfesti reglur um íbúakosningu í heimastjórnir á 5. fundi sínum 04.03.2024 og vísaði reglunum áfram til bæjarstjórnar Vesturbyggðar og sveitarstjórnar Tálknafjarðarhrepps til staðfestingar. Á 631. sveitarstjórnarfundi Tálknafjarðarhrepps var samþykkt að fresta afgreiðslu reglnanna svo að yfirkjörstjórn fengi tækifæri til að veita umsögn um reglurnar áður en þær yrðu afgreiddar. Á fundi yfirkjörstjórnar kom fram sú tillaga að gerðar yrðu þær breytingar á reglunum að kosningaraldurinn yrði miðaður við 16 ára aldur, líkt og í íbúakosningum um sameiningu sveitarfélaganna Tálknafjarðarhrepps og Vesturbyggðar haustið 2023. Reglurnar eru því lagðar fram með þeirri breytingu að kosningaaldur í íbúakosningum til heimastjórna verði 16 ár, þrátt fyrir að kjörgengi miðist við 18 ára aldur.

Sveitarstjórn Tálknafjarðarhrepps samþykkir samhljóða Reglur um heimastjórnarkosningar í Sameinuðu sveitarfélagi Tálknafjarðarhrepps og Vesturbyggðar.

Sveitarstjórn leggur áherslu á vandaða kynningu og fræðslu á fyrirkomulagi íbúakosninga um heimastjórnir enda í fyrsta skipti sem kosið er í heimastjórnir í hinu sameinaða sveitarfélagi. Áhersla skal lögð á fræðslu til yngstu kjósendanna um fyrirkomulag kosninganna.

Oddviti þakkar fundarmönnum góðan fund og slítur fundi.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 17:30.

Jóhann Örn Hreiðarsson (JÖH)

Jenny Lára Magnadóttir (JLM)

Guðlaugur Jónsson (GJ)

Lilja Magnúsdóttir (LM)

Magnús Óskar Hálfhásson (MÓH)

Ólafur Þór Ólafsson (ÓÞÓ)